

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Margar hendur vinna létt verk

Skýrsla Kvennanefndar Umdæmisins Ísland Færeyjar til Umdæmisstjórnarfundar í Keflavík 17. mars 2012.

Í nefndinni eru auk undirritaðrar: Birna Guðjónsdóttir, Hildur Valsdóttir og Hjördís Harðardóttir.

Frá síðustu skýrsluskilum 26.nóv. s.l. er kvennanefndin búin að halda Skvísupartý, en það héldum við 2.mars s.l. og buðum konum víða að, með því að deila auglýsingu á Facebook, tölvupóst, kiwanis.is og svo auglýstum við í Fjarðarpóstinum og Víkurfréttum. Við fengum flotta leikkonu, Brynju Valdísi til að vera leynigest og troða upp og sló hún rækilega í gegn, en einnig vorum við með flott tónlistaratriði, ungt og upprennandi tónlistarfólk sem kallar sig DAY. Um 50 konur mættu þrátt fyrir brjáláð veður og veikindaforföll og vorum við bara mjög ánægðar með kvöldið. Ætlunin var að fá inn nýjar konur og taka niður nöfn og netföng og vorum síðan ákveðnar í að halda sérstakan kynningarafund fyrir konur í kjölfarið.

Þessi kynningarfundur var síðan haldinn síðasta fimmtudagskvöld 15/3 í Kiwanishúsinu í Hafnarfirði og auglýstur á svipaðan hátt og áður en létum auglýsingu í Fjarðarpóstinum duga að þessu sinni.

Mætingin hefði nú mátt vera betri en við vorum þarna 11 konur í allt, þar af 5 nýjar konur sem höfðu virkilegan áhuga á að kynna sér þetta nánar. Við fórum í gegnum kynningu á Kiwanis, MNT verkefninu og félagar sögðu frá upplifun sinni af Kiwanis, ein „gömul“ Kiwaniskona og önnur „ný“. Niðurstaðan eftir fundinn var sú að þær myndu koma á næsta fund hjá Sólborg, Hafnarfirði eða Dyngju, Reykjavík til að sjá hvort þetta væri eitthvað fyrir þær.

Við vonum bara að þeim lítist vel á og munum taka vel á móti þeim. Þess má geta að kvennaklúbburinn Embla á Akureyri verður 20 ára í apríl og ætla að halda upp á það með pompi og pragt og ég hef mikinn áhuga á að skreppa til þeirra í tilefni dagsins.

Kvennanefndin mun halda áfram á sömu braut og leggja okkar af mörkum við að breiða út boðskapinn og fá fleiri konur í Kiwanis til að hafa gaman saman.

Leiðinlegt að geta ekki verið með ykkur í dag og kvöld en segi bara góða skemmtun.

Fyrir hönd Kvennanefndar,

Guðbjörg B. Pálsdóttir, formaður